

AÐALFUNDUR FÉLAGS MÁLMÍÐNAÐARMANNA AKUREYRI

26. FEBRÚAR 2018

Aðalfundur félagsins var haldinn í Hofi, mánudaginn 26. febrúar. Góð mæting var á fundinn.

Bauð formaður fundagesti velkomna og setti fundinn. Mættir voru 64 félagsmenn með stjórn FMA. Las formaður upp fundarboðið eins og það var sent út og kynnt, og óskaði hann eftir athugasemdum ef einhverjar væru við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu og var fundarboðið samþykkt af fundargestum ásamt því að formaður ályktaði í framhaldinu fundinn löglegan og ályktunarhæfan.

Varaformaður félagsins Jóhann Valberg var kosinn fundarstjóri, fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir dagskrá fundarins.

Hermann Brynjarssyni endurskoðanda að fór yfir reikninga félagsins. Að lokinni skýrslu Hermanns bauð fundarstjóri upp á umræður um reikninga en að því loknu voru reikningar bornir upp til samþykktar. Voru þeir samþykktar einróma.

Fundarstjóri bauð að því loknu félagsmönnum upp á hressingar í formi kjúklingasúpu og köku í eftirrött.

Jóhann Rúnar Sigurðsson formaður FMA fór yfir skýrslu stjórnar og að því loknu bauð fundarstjóri upp á umræður um hana. Spurt var um málefni félagsins og Þingiðnar en viðkomandi félagsmaður hefur unnið á svæðinu og ekki orðið var við áreiti af hendi framkvæmdarstjóra Þingiðnar líkt og formaður FMA lýsti. Jóhann fór yfir málið en um var að ræða nokkra aðila frá fyrirtækjum sem unnu tímabundna vinnu á þessum tíma á félagssvæði Þingiðnar, hann áréttaði að góð samskipti væru á milli félaganna en vinna þyrfti málið og tillaga stjórnar undir liðnum önnur mál væri til þess fallinn að stjórn gæti unnið málið áfram. Spurt var um félagafrelsi og formaður svaraði því til að talsverður misskilningur væri á því máli en félagafrelsi snýst um að velja sér félag sem fer með kjarasamninginn sem vinnan sem unnin væri félli undir, ef það væru tvö eða þrjú félög um þann samning og þau væru á því svæði (samanber landsfélög og svæðafélög) þá gæti félagsmaðurinn valið það félag sem honum hentaði gagnvart kjarasamningnum.

Kosið var um varaformann, gjaldkera, einn meðstjórnanda og tvo varamenn. Jóhann Valberg Jónsson var kosinn einróma í starf varaformanns, Eyþór Jónsson var kosinn einróma í starf gjaldkera. Uppstilling stjórnar á meðstjórnanda var Egill Geirsson en Ólafur Kjartansson bauð sig fram í það embætti gegn honum, Egill Geirsson var kosinn með meirhluta atkvæða í sæti meðstjórnanda.

Varamenn voru kosnir einróma en það voru Jónas Jónsson og Þorsteinn Veigar Árnason. Allir þessir aðilar voru kosnir til tveggja ára.

Tveir skoðunnarmenn voru kosnir til eins árs og hlutu þeir einróma kosningu en það voru Brynjólfur Jónsson og Finnbogi Jónsson, varamaður var kosinn Hákon Hákonarson.

Félagsgjald var borið upp og samþykkt óbreytt.

Fór formaður yfir lagabreytingar sem stjórn lagði til að yrðu gerðar en kominn var tími á að laga texta, uppfæra lög félagsins til samræmis lögum ASÍ og uppfærði stjórn reglur til framboðs til stjórnarstarfa og gerði stjórn að formlegri uppstillingarnenfund ef engin framboð kæmu. Tillögur stjórnar voru samþykktar.

Formaður fór næst yfir endurskoðunarákvæði og stöðuna gagnvart því en á næstu tveimur dögum skýrist hún en forsendunefndin er klofin um hvort forsendubrestur sé. Fulltrúar ASÍ eru sammála um að forsendubrestur sé og líklegt að formannafundur sem haldinn verður 28.febrúar verði látinn kjósa um uppsögn. Formenn munu kjósa samkvæmt vilja félagsmanna félaganna en öll félög hafa verið að gera kannanir í sínu heimalandi og formenn með sitt umboð frá þeim verði það niðurstaðan. En í kjarakönnuninn kom það fram að örlítill meirhluti félagsmanna vildi ekki segja upp samningum og stjórn félagsins einnig á þeirri skoðun.

Formaður fór yfir kjarakönnunina. Hún verður birt á heimasíðu félagsins við fyrsta tækifæri með samanburði frá síðustu könnun.

Jóhann Valberg og formaður félagsins afhentu síðan Þorsteinn Veigar Árnasyni gullmerki félagsins fyrir vel unnin störf en hann hefur í fjórtán ár verið trúnaðarmaður félagsins og tíu ár sem varamaður í stjórn og er vel að þessari heiðursveitingu kominn. Stjórn þakkaði honum vel unnin störf og afhenti honum blóm og gullmerki félagsins í viðurkenningarskyni.

Borinn var upp tillaga til fundar að aðalfundur samþykkti að veita stjórn umboð til umræðna við Þingið út af deilum um félagssvæði og boða til félagsfundar þar sem tillaga stjórnar eftir viðræður með þeim yrði borinn upp fyrir félagsfund og hugsanlegt að sú tillaga gæti innihaldið lagabreytingar og/eða samstarfssamning á milli félaganna. Samþykkti aðalfundur þá tillögu einróma.

Undir liðnum önnur mál tók Ólafur Kjartansson til máls og óskaði eftir að aðalfundur samþykkti að fela stjórn félagsins að útbúa skjal þar sem talin skuli upp þau atriði sem eigi að vera skýr og læsileg á hverjum launaaseðli. Þegar skjalið sé tilbúið skal það kynnt félagsmönnum á heimasíðu félagsins. Lagði hann til að skjalið yrði síðan hluti af kröfugerð félagsins í næstu samningu við SA. Tillagan var samþykkt einróma og menn sammál því að launasaeðlar séu mismunandi að gerð og sumir illskyljanlegir. Ólafur bauðst til að vera í vinnuhópi um þá tillögu og þáði formaður það en þegar tillagan er tilbúin verður hún birt hér á heimasíðunni við fyrsta tækifæri.

Ólafur ræddi einnig stöðu á trúnaðarmönnum en að ábendingu hans fyrir tveimur árum var það kerfi lagað gagnvart tilkynningum. Félagið hefur lítið komið að öryggistrúnaðarmönnum enn sem komið er en fylgst með því að því sé fylgt eftir þar sem við á.

Önnur mál voru engin.

Fundarstjóri bauð formanni að slíta fundi.

Fleira var það ekki og var fundi slitið kl 20:18

Að fundi loknum fundi fengu fundarmenn að njóta Ara Eldjárn sem var með bráðskemmtilegt uppistand fyrir félagsmenn þriggja stéttarféлага FVSA, Sjóey og FMA en öll héldu þau aðalfundi sína í Hofi þennan dag og skemmti fólk sér konunglega.